

Fastanúmer

Afgreiðslunúmer

Umsókn um **FORSKRÁNINGU (05)** á **notuðu** ökutæki  
áður skráðu **utan** EES, USA eða Kanada.

Umsækjandi: \_\_\_\_\_ Kennitala: \_\_\_\_\_  
Skal vera tilgreindur á meðfylgjandi farmbréfi

Netfang/farsími umsækjanda: \_\_\_\_\_  
Fastanúmer verður sent með tölvupósti og/eða sms-skilaboðum strax að lokinni forskráningu.

**1. LÝSING ÖKUTÆKIS:**

Tegund og undirtegund: \_\_\_\_\_

Verksmiðjunúmer:

- Fólksbifreið  Vörubifreið  Tengivagn  Húsbíll  Tjaldvagn  
 Sendibifreið  Dráttarvél  Festivagn  Hjólhýsi  Torfærutæki  Tví-  þrí-  fjór-  sexhjól  
 Hópbifreið  Bifhjól  Hengivagn  Fellihýsi  Vélsleði

**2. GÖGN SEM ÞARF AÐ FRAMVÍSA (nánari upplýsingar á bakhlið):**

- Erlent skráningarskírteini – skal vera í frumriti.  
 Staðfesting framleiðanda/tækniþjónustu um að ökutæki uppfylli EES kröfur um mengun – frumrit. 1), 3)  
 Staðfesting framleiðanda/tækniþjónustu um að ökutæki uppfylli EES kröfur um hemla – frumrit. 3), 4)  
 Staðfesting framleiðanda um uppfyllingu á öðrum kröfum varðandi gerð og búnað – frumrit. 2), 3)  
 Staðfestar upplýsingar um fyrsta skráningardag erlendis eða framleiðsluár – frumrit.  
 Staðfesting framleiðanda um burðargetu einstakra ása og leyfða heildarþyngd – frumrit.  
 Upplýsingar um hreyfil ökutækis (slagrymi, afköst og orkugjafa).  
 Farmbréf (bill of lading) – nafn umsækjanda og verksmiðjunúmer þurfa að vera tilgreind á farmbréfi.

- 1) Gildir fyrir vélknúin ökutæki.  
 2) Ökutæki þarf að vera merkt með nauðsynlegum e, E eða DOT merkingum (sjá nánari leiðbeiningar á bakhlið)  
 3) Búslóðarökutæki, fornbifreiðar, torfærutæki, námu-, belta- og rallbifreiðar eru undanþegnar þessum kröfum.  
 4) Nema eftirvagnar, dráttarvélar og bifhjól.

**3. VIDBÓTARGÖGN (nauðsynleg fyrir eftirfarandi ökutækisflokk):**

- Hópbifreið:** Teikning sem sýnir stærð, sætaskipan og farmrymi (mælikvarði 1:20 eða 1:25).  
 **Eftirvagn eða tengitæki yfir 750 kg:** Teikning af ökutækinu með öllum aðalmálum og kerfismynd af hemlakerfi.  
 **Tengitæki 750 kg og undir:** Teikning af ökutækinu með öllum aðalmálum.

**4. PÖNTUN SKRÁNINGARMERKJA (umsækjandi skal sjálfur merkja við):**

Tegund skráningarmerkja:

- Almenn -  Bifhjóla- (C)  Utanvega-  Olíu-  
 VSK-  Léttbifhjóla- (C)  Torfæru- (C)

**Stærð merkja fyrir bifreiðir (tvær númeraplötur):**

- A og A  A og B  A og D  D og D

**Stærð merkja fyrir eftirvagna / tengitæki (ein númeraplata):**

- A  B  D

- Flýtipöntun (sjá leiðb. á bakhlið)  Ekki panta merki



**5. GREIÐSLA SKRÁNINGARMERKJA:**

- Vinsamlegast skuldfærið gjald fyrir skráningarmerki á greiðslukort mitt:

Kortanúmer

Gildistími

Undirskrift korthafa

Ef greitt er með kreditkort er heimilt að senda umsóknina í pósti.

**6. SKOÐUNARSTAÐUR:**

Skoðunarstofa: \_\_\_\_\_

\*Ökutækið þarf að standast skoðun á skoðunarstofu áður en það er nýskráð og skráningarmerki afhent.

**7. STAÐFESTING UMSÆKJANDA:**

Dagsetning

Undirskrift umsækjanda

## Upplýsingar um fylgigögn

### Almennt um fylgigögn og staðfestingar

Umsækjanda er bent á að **eiga afrit** af öllum gögnum sem afhent eru með umsókn. Ef umbeðin fylgigögn vantar eða ef þau eru ekki fullnægjandi er **umsókn hafnað** og ökutækið fæst hvorki tollafgreitt né nýskráð. Afgreiðsla umsókna getur tekið allt að **tvo** sólarhringa, en ef viðkomandi gerð ökutækis hefur ekki áður verið skráð getur hún tekið allt að **þrjá** sólarhringa.

### Upplýsingar um fastanúmer með tölvupósti og/eða sms-skilaboðum:

Mikilvægt er að tilgreina netfang og/eða gsm-númer á umsókn, en upplýsingar um fastanúmer eru sendar með tölvupósti og/eða sms-skilaboðum að lokinni forskráningu.

### Áskilin fylgigögn:

**Erlent skráningarskírteini:** Með umsókn um skráningarviðurkenningu á notuðu ökutæki **skal fylgja** erlent skráningarskírteini eða sambærileg gögn. **Framvísa þarf frumriti skráningarskírteinis.**

**Staðfesting um að ökutæki uppfylli EES kröfur um mengun og hemla:** Staðfesting framleiðanda/tækniþjónustu um að ökutækið standist EES staðla um útblástursmengun og hemla. Á staðfestingu skal tilgreina verksmiðjunúmer, nafn og tegund ökutækis, nöfn og númer staðla, ásamt stimpli og undirskrift framleiðanda. **Framvísa þarf frumriti staðfestingar.**

**Staðfesting um að ökutæki uppfylli kröfur um gerð og búnað ökutækja:** Yfirlit yfir þær kröfur sem ökutæki þarf að uppfylla er að finna á upplýsingaskjali (US.303). Þar kemur fram hvernig sýnt er fram á að kröfurnar séu uppfylltar. Yfirleitt eru allar búnaður og tæki sem uppfylla kröfur merktar því til staðfestingar. T.d. ljós, framrúða, hnakkapúðar og öryggisbelti eru annað hvort með e, E eða DOT merki.

**Upplýsingar um aldur ökutækis:** Ef upplýsingar um fyrsta skráningardag ökutækisins erlendis eða framleiðsluár koma ekki fram í erlendu skráningarskírteini skal framvísa sérstakri staðfestingu erlends skráningaraðila. **Framvísa þarf frumriti staðfestingar.**

**Staðfesting á burðargetu einstakra ása og leyfðri heildarþyngd:** Framvísa þarf upplýsingum frá framleiðanda eða tækniþjónustu um hámarks burðargetu sérhvers áss ökutækisins (GVAW) og leyfilega heildarþyngd (GVWR), þ.e. eiginþyngd að viðbætti burðargetu ökutækisins. Á staðfestingu skal tilgreina verksmiðjunúmer, nafn og tegund ökutækis, nöfn og númer staðla, ásamt stimpli og undirskrift framleiðanda. **Framvísa þarf frumriti staðfestingar.**

**Staðfesting framleiðanda eða tækniþjónustu um hreyfil ökutækis:** Framvísa þarf staðfestingu framleiðanda eða tækniþjónustu um rúmtak hreyfils (cm<sup>3</sup>), afköst (hestöfl eða kílóvött (kW)) og orkugjafa (t.d. bensín/diesel). Á staðfestingu skal tilgreina verksmiðjunúmer, nafn og tegund ökutækis, nöfn og númer staðla, ásamt stimpli og undirskrift framleiðanda. **Framvísa þarf frumriti staðfestingar.**

**Tækniþjónusta:** Stofnun eða aðili sem er viðurkenndur innan EES til að annast prófanir á ökutækjum vegna gerðarviðurkenninga þeirra. Lista yfir þá aðila sem eru viðurkenndir sem tækniþjónustur má nálgast á heimasíðu Evrópusambandsins ([http://europa.eu.int/comm/enterprise/automotive/pagesbackground/technical\\_services.htm](http://europa.eu.int/comm/enterprise/automotive/pagesbackground/technical_services.htm)).

**Farmbréf:** Framvísa þarf farmbréfi (Bill of Lading, Air Waybill, Sea Waybill, Waybill) þar sem umsækjandi er tilgreindur innflytjandi og verksmiðjunúmer ökutækis kemur fram. Ef farmbréf er ekki gefið út þarf að framvísa staðfestingu á flutningi ökutækis þar sem fram kemur nafn innflytjanda og verksmiðjunúmer ökutækis. Ekki þarf farmbréf eða staðfestingu á flutningi ef umsækjandi er eigandi skv. framlögðu skráningarskírteini eða akstursleyfi tollstjóra. Farmbréfið má vera í ljósriti.

### Viðbótargögn fyrir tiltekna ökutækisflokk:

**Teikning af hópbfreið og eftirvagni til farþegaflutninga:** Framvísa þarf málsettri teikningu af stærð, sætaskipan og farangursgeymslum í mælikvarðanum 1:20 eða 1:25. Sjá nánar upplýsingaskjal um hópbfreiðir (US.310).

**Teikningar með eftirvagni eða tengitæki með leyfða heildarþyngd yfir 750 kg:** Framvísa þarf málsettri teikningu af ökutækinu með öllum aðalmálum (ekki kröfur um mælikvarða teikningar). Að auki skal fylgja teikning af hemlakerfi ökutækisins sem sýnir virkni aksturs- og stöðuhemla.

**Teikningar af tjaldvögnum, felli- og hjólhýsum með leyfða heildarþyngd 750 kg og undir:** Fylgja þarf teikning með öllum aðalmálum. Ekki eru gerðar kröfur um mælikvarða teikningarinnar.

### Pöntun skráningarmerkja – flýtipöntun.

Til að flýta fyrir skráningu ökutækis býðst umsækjanda að panta skráningarmerki um leið og umsókn er lögð fram. Greiða þarf fyrir skráningarmerkin við pöntun. Nauðsynlegt er að tilgreina tegund og stærð skráningarmerkja. Ef sótt er um einkamerki skal fylla út *Umsókn um einkamerki* (US.151). Skráningarmerki eru pöntuð frá framleiðanda að lokinni forskráningu og berast Umferðarstofu á þriðja degi frá pöntun. Hægt er að óska eftir flýtipöntun gegn sérstöku flýtigjaldi, en fastanúmeri er þá úthlutað af lager og merkin því tilbúin strax að lokinni forskráningu. Skráningarmerki eru send á skoðunarstofu að lokinni forskráningu.

### Nýskráningarbeiðni.

Að lokinni forskráningu er gefin út nýskráningarbeiðni. Ef umsækjandi tilgreinir netfang er beiðnin send með tölvupósti að lokinni forskráningu. Ef netfang er ekki tilgreint er hægt að nálgast nýskráningarbeiðni hjá Umferðarstofu eða á skoðunarstofu..

### Skoðun á skoðunarstofu:

Fyrir nýskráningu þarf að færa ökutæki til samanburðar- eða skráningarskoðunar á faggiltri skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að um rétt ökutæki sé að ræða, að merkingar á búnaði þess séu í lagi og ástand þess að öðru leyti í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja. Ef skoðunarstofa er tilgreind á umsókn og gengið hefur verið frá greiðslu fyrir skráningarmerki, eru þau send þangað að lokinni forskráningu.

### Lönd innan EES:

Á neðangreindri slóð er hægt að nálgast upplýsingar um aðildarlönd EES.

[http://europa.eu/abc/european\\_countries/index\\_en.htm](http://europa.eu/abc/european_countries/index_en.htm)